

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 12. nóvember 2009 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-79/2009:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 1. október sl. bað X, hér eftir einnig nefnd álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á dælu hjá fyrirtækinuY. Álitsbeiðandi segir dæluna vera gallaða og krefst riftunar á kaupunum og endurgreiðslu kaupverðsins. Þá krefst álitsbeiðandi og bóta fyrir þau óþægindi sem hún segist hafa orðið fyrir vegna gallans á dælnni.

II

Málsmeðferð kærunefndarinnar

Með bréfi, dags. 6. október sl., gaf kærunefndin seljanda kost á andsvörum og bárust þau 20. október. Með bréfi, dags. 22. október, var álitsbeiðanda gefinn kostur á því að gera athugasemdir við andsvörin og bárust þær 2. nóvember. Með bréfi, dags. 4. nóvember sl., var aðilum tilkynnt að kærunefndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni segir m.a. eftirfarandi:

„Hinn 21. apríl 2008 keypti ég dælu (.....) af Y fyrir 63.252,00 kr. Þegar dælan var seinna tekin upp og tengd kom galli í ljós sem lýsti sér þannig að hávaði myndaðist frá rafmagninu. Vegna gallans gat ég ekki notað vélina og þurfti því að aftengja hana. Í framhaldinu reyndi ég ítrekað að bjóða seljanda í heimsókn til að athuga bilunina en hann kom svo loksins heim til mín í ágúst sl. Samkvæmt þeim viðgerðaraðila sem kom til að athuga vélina var dælan ekki gölluð heldur hafði hún bilað vegna aðskotahlutar, þ.e. að fúgusement hafi verið hellt í salernið. Þessari skýringu seljanda mótmæli ég alfarið enda afhenti viðgerðaraðilinn mér þessi svokölluðu sýni sem hann tók úr klósettinu og þau virðast frekar vera mold/sandur og gróður heldur en fúgusement. Ég á þetta sýni ennþá til staðar ef þið viljið skoða það. Ég er því nokkuð viss um að viðgerðaraðilinn hafi sjálfur sett þennan aðskotahlut í klósettið til að koma í veg fyrir að seljanda bæri að bæta úr galla á eigin kostnað. Þá er rétt að geta þess að viðgerðaraðilinn var ekki sérfræðingur á þessar vélar heldur var hann pípulagningamaður og virtist eiga erfitt með að kanna gallann.“

Álitsbeiðandi kveðst mótmæla því að hún hafi skemmt dæluna með því að setja fúgusement í klósettið. Dælan hafi farið að bila síðastliðið sumar og hafi því orðið að aftengja hana. Gallinn hafi lýst sér þannig að eitthvað var að rafmagninu í vélinni en hávaði hafi myndast um leið og hún var tengd. Seljandi hafi nú dæluna í sínum vörslum en neiti úrbótum.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda segir eftirfarandi:

„Þann 29/7 hafði X samband vegna bilaðrar dælu. Undirritaður fór á staðinn til að athuga hvað um væri að ræða. Í framhaldi af heimsókn minni hafði ég samband við pípara til þess að fara á staðinn og skera úr um hvað væri í ólagi. Því miður dróst nokkuð að píparinn kæmist á staðinn. Þegar hann kom á staðinn komst hann að þeirri niðurstöðu að fúgusementi hefði verið hellt í klósettið. Fúgusementið hefði síðan harðnað. Þegar dælan fór næst í gang brotnuðu festingarnar sem halda dælunni fastri í kassanum og við það fór að heyrast hátt í henni. Í kassanum eru leifar af fúgusementinu.

Y hafnar því alfarið að viðgerðarmaðurinn hafi ekki verið hæfur til verksins og eins hafnar Vatnsvirkinn hf. því alfarið að viðgerðarmaðurinn hafi komið aðskotahlut eða óhreininum fyrir í dælukassanum.

Y vill ennfremur benda á ósamræmi í málflutningi álitseiddanda en í liðnum „Upplýsingar um keypta vöru/hlut eða þjónustu“ þar sem segir að dælan hafi alltaf verið biluð en í liðnum „Ágreiningsefni“ kemur fram að dælan hafi bilað nú í sumar eftir að hún var komin í notkun.“

V

Athugasemdir álitseiddanda

Í athugasemdum álitseiddanda kemur fram að dælan hafi bilað síðastliðið sumar áður en pípulagningamaður hafi komið til að skoða hana. Það sé því ekki rétt sem hún sjálf segi í álitseiddni að dælan hafi alltaf verið biluð. Þetta misræmi stafir af því að hún hafi ekki fullt vald á íslensku.

VI

Skoðun á dælunni

Dælan er nú í vörslum seljanda og skoðaði formaður kærunevndar hana þar 2. nóvember sl. Dæluútbúnaðinum er komið fyrir í vatnsheldum plastkassa sem er notaður til þess að dæla því sem úr salerninu er sturtað upp í frárennslisrör. Þessi útbúnaður er nauðsynlegur þegar salernið stendur lægra en frárennslisrörið. Rafmagnsmótor knýr dæluna sem er undir honum við botn kassans en frá dælunni liggur fremur grannt rör sem tengt er við frárennslisrörið. Ofan á mótornum er hólkur með mörgum götum og við hann er frárennslisstútur salernisins tengdur þannig að frárennslid kemur fyrst inn í hólkin og rennur síðan út um götin niður í botn kassans þar sem dælan tekur við því og dælir út. Ofan á mótornum inni í hólknunum eru tveir tenntir spaðar sem mótörinn snýr og eru ætlaðir til þess að gera mauk úr því sem úr salerninu kemur þannig að því megi auðveldlega dæla um granna rörið út úr kassanum. Augljóst er að verulegu máli skiptir við notkun á þessum útbúnaði að engu sé sturtað niður úr salerninu sem spaðarnir á mótornum og dælan ráða ekki við. Dælan er fest á eina hlið plastkassans með boltum sem ganga í gegnum hliðina og hefur hún losnað af festingunum með þeim hætti að plastið hefur brotnað. Er sýnilegt að dælan hefur þurft að hristast verulega til þess að hún brotnaði af festingunum. Við skoðun sáust glögglega leifar af fúgusementi ofan á mótör dælnnar.

VII

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og Y. falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Ágreiningur aðila snýst um það hvort galli hafi verið á dælnni sem álitsbeiðandi keypti hjá Y sem leiði til þess að álitsbeiðandi eigi rétt á að rifta kaupunum og fá kaupverðið endurgreitt. Til þess að svo sé þarf álitsbeiðandi að sýna fram á að dælan hafi verið gölluð, sbr. 15. og 16. gr. laga nr. 48/2003, og gallinn sé hvorki sök hennar né stafi af aðstæðum sem hana varði, sbr. 1. mgr. 26. gr. laganna.

Það er álit kærunefndarinnar að ekki hafi verið leitt í ljós að ástand það sem nú er á dælubúnaðinum verði seljanda kennt um heldur séu yfirgnæfandi líkur á að eitthvað það hafi farið í kassann úr salerninu sem gert hefur það að verkum að dælubúnaðurinn gaf sig, fúgusement og/eða eitthvað annað. Sú tilgáta álitsbeiðanda að starfsmaður á vegum seljanda hafi sett eitthvað í dæluna til að firra seljanda ábyrgð þykir kærunefndinni fráleit. Af framangreindum ástæðum verður að hafna kröfum álitsbeiðanda.

VIII

Álitsorð

Kröfum álitsbeiðanda, X, á hendur Y er hafnað.

Friðgeir Björnsson
formaður

Guðrún Björk Bjarnadóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir